

BORGARRÁÐ 12. nóvember 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þátttöku borgarbúa á fundum íbúaráða - R19100342

Fulltrúi Flokks fólksins fýsir að vita hversu mikil þátttaka borgarbúa er á fundum/streymi funda íbúaráða? Tillaga um framlengingu tilraunaverkefnis um ný íbúaráð er lögð fram í borgarráði Fulltrúi Flokks fólksins telur að íbúaráðin hljóti að vera komin til að vera. Þau hafa mikilvægu hlutverki að gegna og ekki síst að vera tengiliður borgarbúa og stjórnkerfis. Kynna þarf rækilega að fundir íbúaráða eiga að vera opnir borgarbúum, um leið og COVID ástandinu lýkur. Óskað er eftir upplýsingum um hversu mikinn áhuga borgarbúar hafa á fundum íbúaráðanna.